



Starfsreglur um samþætta fjónustu í þágu farsældar barna

Almennt um samþætta fjónustu í þágu farsældar barna

Samþætta fjónusta í þágu farsældar barna í Norðurljóssinu er veitt skv. [lögum um samþættingu fjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021](#), [reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar fjónustu í þágu farsældar barna nr. 1180/2022](#) og [reglum Norðurljóssins um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra](#). Samþætta fjónusta í þágu farsældar barna er skipulögð og samfelld fjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barna og er veitt af þeim fjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barna hverju sinni.

Markmið

Markmið reglna þessara eru að tryggja að börn og foreldrar, sem á þurfa að halda, hafi aðgang að samþættri fjónustu við hæfi án hindrana. Að brugðist sé við ef þörf er á fjónustu og stuðlað sé að samfelldri, snemmtækri og heildstæðri fjónustu með hagsmunum barna að leiðarljósi.

Skipulag og ábyrgð

Norðurljóssin ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd samþættrar fjónustu í þágu farsældar barna í skólum sveitarfélagsins og félagsfjónustu Norðurljóssins í samvinnu við ríkið og aðra viðeigandi aðila. Tengiliðir, málstjórar og aðrir starfsmenn sem koma að vinnslu mála bera ábyrgð á að störf þeirra séu unnin í samræmi við gildandi lög og reglur.

Stigskipt farsældarfjónusta

Fjónusta í þágu farsældar barna er veitt á þremur fjónustustigum.

Fyrsta stigs fjónusta

Fyrsta stigs fjónusta skiptist í tvennt. Annars vegar grunnfjónusta sem er aðgengileg öllum og hins vegar einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur sem hefur það að markmiði að styðja við farsæld barna. Tengiliðir farsældar skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fjónustu sem veitt er á fyrsta stigi.

Annars stigs fjónusta

Á öðru stigi er veittur einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur, þá er þörf fyrir sérhæfðari eða fjölbreyttari fjónustu en veitt er á fyrsta stigi. Málstjórar farsældar fylgja eftir samþættingu fjónustu sem veitt er á öðru stigi.

Þriðja stigs fjónusta

Á þriðja stigi er veittur sérhæfður stuðningur til að tryggja að farsæld barna verði ekki hættu búin. Börn sem njóta fjónustu á þessu stigi hafa að jafnaði flókinn og fjölbættan vanda og mikla umönnunarpörf. Málstjórar farsældar fylgja eftir samþættingu fjónustu sem veitt er á þriðja stigi.

Tengiliðir farsældar

Tengiliðir farsældar eru aðgengilegir öllum börnum og foreldrum. Á meðgöngu og á ungbarnaskeiði eru tengiliðir starfsmenn heilsugæslu. Á leik- og grunnskólaaldri eru tengiliðir starfsmenn skólanna. Á framhaldsskólaaldri eru tengiliðir starfsmenn framhaldsskólanna. Ungmenni sem ekki fara í framhaldsskóla eða börn sem á einhvern hátt falla á milli ofangreindra fjónustukerfa hafa aðgang að tengiliði hjá félagsfjónustu Norðurljóssins. Áður en tengiliðir byrja að veita fjónustu skal liggja fyrir beiðni foreldra og/eða barna um samþættingu fjónustu. Tengiliðir hafa hagsmunum barna að leiðarljósi og rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og börn. Þeir veita upplýsingar um fjónustu í þágu farsældar barna. Tengiliðir skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fjónustu og koma upplýsingum áleiðis til málstjóra þegar fjölbætt fjónusta á öðru og/eða þriðja stigi er talin nauðsynleg. Á heimasíðu Norðurljóssins er að finna lista yfir tengiliði farsældar í sveitarfélaginu. Nánari úttærsla á framkvæmd hlutverks tengiliða er í verklagsreglum Norðurljóssins um tengiliði farsældar.



Málstjórar farsældar

Málstjórar farsældar starfa í félagsþjónustu Norðurlands eystra og í barnaverndarþjónustunni á Norðurlandi eystra. Norðurland hefur gert samning við Akureyrarbæ um að vera leiðandi sveitarfélag í framkvæmd og rekstri barnaverndarþjónustu.

Ef fyrir liggur beiðni foreldra og/eða barns um samþættingu þjónustu og ástæða er til að ætla að barn þurfi fjölbætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma, er óskað eftir málstjóra farsældar. Málstjóri hefur hagsmuni barnsins ávallt að leiðarljósi og rækir hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn.

Málstjórar veita foreldrum og börnum ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barna.

Þeir tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barna og bera ábyrgð á gerð stuðningsáætlana og stýra stuðningsteymum.

Nánari útfærsla á framkvæmd hlutverks málstjóra er í verklagsreglum Norðurlands eystra um málstjóra farsældar.

Þjónustuveitendur og almenn þjónusta

Aðilar sem þjónusta börn eru annars vegar þjónustuveitendur og hins vegar þeir sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barna.

Þjónustuveitendur

Þjónustuveitendur veita þjónustu tengda farsæld barna hjá opinberum aðilum t.d. leik-, grunn- og framhaldsskólar, frístundaheimili, heilbrigðisþjónusta, lögregla, félagsþjónusta og barnavernd.

Þjónustuveitendum ber skylda til að fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt á fullnægjandi hátt og bregðast við þeim.

Þjónustuveitendum ber einnig skylda til að taka þátt í stuðningsteymi sé þess óskað.

Almenn þjónusta

Almenn þjónusta í þágu farsældar barna er allt skipulagt starf annarra en þjónustuveitenda t.d. sjálfstætt starfandi sérfræðingar, íþrótt-, lista- og æskulýðsstarf og starfsemi frjálsra félaganna og hagsmunasamtaka. Þeim sem veita almenna þjónustu gæti verið boðið af málstjóra að taka þátt í stuðningsteymi farsældar.

Ef þjónustuveitandi eða sá sem veitir almenna þjónustu í þágu farsældar barna verður var við vísbendingar um að þörfum barna eða foreldra sé ekki mætt með fullnægjandi hætti, ber honum að veita upplýsingar og leiðbeiningar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Foreldrum og/eða barni er leiðbeint að leita til þess tengiliðar farsældar sem við á hverju sinni. Óski foreldrar og/eða barn eftir að upplýsingum sé miðlað til tengiliðar eða málstjóra er eyðublaðið beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliðar/málstjóra fyllt út og komið til tengiliðar eða málstjóra, eftir því sem við á, með öruggum hætti.

Stuðningsteymi og stuðningsáætlun

Málstjóri stofnar stuðningsteymi með þeim aðilum sem koma að máli barns.

Stuðningsteymi skal hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi og rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn.

Stuðningsteymi gerir skriflega stuðningsáætlun þar sem fram kemur mat og/eða greining á þörfum barns, markmið með þjónustu, hlutverk allra aðila í teyminu og fleira sem við á. Stuðningsteymi hefur reglubundna samvinnu um framkvæmd stuðningsáætlunar þann tíma sem áætlun varir. Hana ber að endurmeta og endurnýja eftir því sem þörf krefur.

Þátttaka barna

Barn á rétt á að segja sína skoðun um þau málefni sem hafa áhrif á líf þess og tillit skal tekið til skoðana þess. Aðkoma barns að vinnu stuðningsteymis veltur á aldri þess og þroska. Ýmsar útfærslur eru til um aðkomu barns að vinnu stuðningsteymis s.s. að barnið sitji alla fundi stuðningsteymis, barnið sitji hluta úr fundi eða eigi málsvara í teyminu sem miðlar upplýsingum á milli teymis og barns.

Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga

Gæta ber öryggis persónuupplýsinga í hvívetna í samræmi við [lög um persónuvernd og reglur um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#).

Beiðni um samþættingu þjónustu heimilar tengiliðum, málstjórum, þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barna að vinna upplýsingar um börn til að tryggja þeim skipulagða og samfellda þjónustu. Þeim ber einnig skylda til að vinna einungis með þær upplýsingar sem þörf er á og miðla einungis til þeirra sem heimild er skv. 7. gr. reglanna hér að ofan.